

Fundur 3.3.2025 Gísli Rúnar Jónsson leikari.

Góða kvöldið, komið þið öll blessuð og sæl.

*Já góða kvöldið.*

Verð ég ykkur ævinlega þakklátur fyrir þá vinsemd sem þið sýnduð mér, þegar mér leið illa og var nýfluttur yfir.

Og þykir mér gott að hafa komist á ykkar fund aftur.

Er ég hér að magnast í framlífi og farinn að finna líforkuna aftur og er ég hér í góðra vina hópi og hef fengið stuðning út úr mínum veikindum og hjálpar það mjög að hafa vinnuna til að styðja sig við, og var ég hér alveg tilbúinn með ræðuna og vona að mér takist að koma þessu í gegn.

Ég er allur að hressast og orðinn öflugur hér í framlífi og vildi ég gjarnan senda mínu fólki og allri íslensku þjóðinni bestu kveðjur.

Og hef ég aftur, hefur það tekið mig langan tíma að losna úr þeim dimma dal sem ég var í, og get ég að vísu sagt að ekki hafi ég fullkomlega losnað undan þeim óþægindum sem á mig sóttu, en er ég allur að koma til og þegar ég er í essinu mínu, þá get ég fengið fólk til að hlægja og þá get ég hlegið sjálfur.

Og þá get ég sett saman leikrit og annað sem gleður fólk.

*Ert þetta Gísli Rúnar ?*

Já.

*Velkominn aftur, gaman að heyra í þér.*

Já sömuleiðis, gaman að komast í sambandið.

Ég vil segja það að það voru skelfilegar kringumstæður sem ollu því hvað ég gerði sjálfum mér og var það einnig, ég ásaka mig fyrir eigingirni og slíkt, og er það hluti af þeim óþægindum sem ég hef glímt við hér í framlífi, en ég hef líka lært að maður verður að horfa fram á veginn og ekki þýðir að harma of mikið það liðna.

En það eru, en það bætti ekki þegar Covid kom og samfélagið stöðvaðist og fékk ekki þá þjónustu sem ég þarfaðist og breytt var um lyf.

En það er nú liðið og ég er stoltur af syni mínum og fjölskyldu og ég veit að þau munu skilja að ég iðrast hvernig fór, og þau skilja hvernig þetta gerist og halda áfram.

Hér er nóg að starfa og hefur það hjálpað mér mikið og kom í sambandið til ykkar manneskja sem ég þekkti á jörðinni og,

*Leikkonan ?*

Já, og sagði hún frá því hvað var á döfinni hjá mér.

*Já já.*

Og já ég hef nú reynt að lesa mér eitthvað til um ykkar kenningar og vekur það einnig áhuga minn, og það er vissulega mjög leitt að íslenska þjóðin skuli ekki hafa kynnt sér þetta betur og vona ég einnig að bót verði ráðin á því.

Hef ég hér hitt foreldra mína og hafa þau yngst upp og er það svo oft eins og hjá okkur sem förum yfir, að við endurnýjum við þau kynnin, þau sem á undan eru farinn.

Og þykir mér einnig dýrmætt að hér í framlífi tel ég mig hafa fengið betra samband við föður minn, en ég jafnvel hafði á jörðinni.

Og hafa sálfræðingar og geðlæknar og aðrir sem aðstoða mig, sagt að það sé hluti af bataferlinu, og fundið vel fyrir því.

En hér er fagurt landslag og gott að vera úti í náttúrunni, og hef ég einnig reynt að gefa mér góðan tíma til að fara í göngutúra.

Og hef ég getað svifið með öðrum, hefur það ekki tekist með eigin rammleik, nema upp í þessar stjörnusambandsstöðvar örlitla stund, þegar við sleppum höndunum.

Og já ég er allur mikið hressari, þið heyrið það, en ég get víst ekki talað mikið lengur, það eru truflanir á sambandinu.

En ég sendi kveðju til Björgvins Frans, konunnar, Eddu og annara og minna gömlu vina, ég er allur að koma til, þakka ég fyrir mig og hér er blómlegt listalíf og nýt ég þess, leiklist og annað, verið þið sæl, og,

*Gísli Rúnar, við biðjum að heilsa leikkonunni sem ég man ómögulega hvað heitir, en hún er Þorvaldsdóttir, hún kom í sambandið. (Lilja Guðrún.)*

Já já ég skal skila því.

*Þakka þér fyrir það.*

Já.

*Og allra annara, Ragga Bjarna, Hemma Gunn og allra þessara sem hafa komið í gegn.*

Já. Já þau hafa nú mörg áhuga á því að koma aftur, verið þið sæl og bestu kveðjur, verið þið sæl.

*Við þökkum þér fyrir komuna, vertu sæll.*